



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Strætó

Berist til: Jóhannesar Svavars Rúnarsson, framkvæmdarstjóra

Reykjavík, 21. maí 2024

Efni: Verklagsreglur um samskipti við börn

Umboðsmaður barna hefur í gegnum árin fengið þónokkurn fjölda erinda frá börnum og foreldrum þar sem kvartað er yfir framkomu eða viðbrögðum vagnstjóra hjá Strætó gagnvart tilteknum börnum eða hópum barna, auk þess sem fjallað hefur verið um slík mál í fjölmiðlum.

Af því tilefni óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort sérstakar verklagsreglur séu til staðar hjá Strætó varðandi samskipti við börn og hvernig vangstjórum ber að tryggja öryggi þeirra. Séu slíkar verklagsreglur fyrir hendi óskar embættið eftir upplýsingum um með hvaða hætti þær eru kynntar starfsfólki og hvernig þeim er framfylgt í daglegu starfi Strætó. Séu slíkar reglur ekki fyrir hendi óskar umboðsmaður barna einnig eftir upplýsingum um það og þá hvort til standi að bæta þar úr.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum, einstaklingum, félögum og samtökum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að umræddar upplýsingar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

